

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 1	Áfangaheiti BÝX 102 Kennsluáætlun 5. Önn 2012	

Kennari	Bragi Finnbogason	Sk.st.	BFI
----------------	-------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið yfir öryggisbúnað, m.a. loftpúða og beltastrekkjara og þægindabúnað í ökutækjum sem jafnframt er staðalbúnaður. Búnaðurinn skoðaður í ökutækjum með tilvísun í upplýsingar framleiðenda. Nemendur velja sér búnað sem þeir gera sérstaka grein fyrir í verkefni. Kynning á rafbúnaði sem knýr ökutæki og vinnutæki (t.d. vörulyftara). Áhersla á snyrtilega umgengni um ökutæki sem eru til viðgerðar og hvaða afleiðingar yfirsjónir viðgerðamanna geta haft á þeirra eigin öryggi í vinnu við öryggisbúnað, akstursöryggi og viðgerðakostnað. Sérstök áhersla er lögð á hættur af umgengni við öryggis- og verndarbúnað með sprengihleðslu, s.s. púða í stýri, mælaborði og í hliðum farþegarýmis og öryggisbeltum. Farið er yfir virkni loftfrískunarkerfa (AC) og sérstaka mengunarhættu af kælimiðli þessara kerfa (reglugerð 834/1910).

Markmið:

Nemandi þekki:

Kröfur um öryggisbúnað í reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Hættur sem stafa af rangri umgengni um öryggisbúnað.

Nemandi geti:

Lýst virkni eftirtalins búnaðar: höggvörum, öryggisbeltum, loftpúðum, hljómfletningstækjum, barnastólum, samlæsingum, rafknúnum rúðuvindum, þjófafælum, rafhituðum rúðum og útispeglum, rafstilltum útispeglum, mælum og gaumljósum, mælaborðslýsingu, innilýsingu, ræsihindrun í sjálfskiptingu og öðrum ræsihindrunum. Skoðað og prófað öryggisbúnað. Gert við öryggisbúnað innan þeirra marka sem framleiðendur ætla almennum viðgerðamönnum.

Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 822/2004.

Reglugerð 834/2010.

Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt námsefni lotunnar sem er að læra um hin ýmsu öryggis og þægindakerfi nútíma ökutækja. Þeir vinna eitt heimaverkefni í lotunni auk þess að vinna verkleg verkefni og lokapróf verður preytt. Skiladagur fyrir heimaverkefni er 19.01.2012. Hafi verkefni ekki borist fyrir klukkan 17 á skiladegi í Fjölnisgötu 6a er hámarkseinkun 5. Hafi verkefni eigi verið skilað 5 dögum eftir að frestur rennur út verður einkunn fyrir verkefni 0. Til að verkefnin gildi til lokaeinkunnar verða nemendur að ná að lágmarki 5 á lokaprófi.

Verkefni:

Verkleg verkefni, heimaverkefni og lokapróf.

Námsmat og vægi námsþátta:

Bókleg verkefni og Próf 40%. Verkleg verkefni með skýrslu 40%. Mat 20%.

Annað:

90% viðvera í kennslustundum er forsenda þess að nemandi fái að stunda nám í áfanganum, fari nemandi undir þau mörk er litið svo á að hann hafi sagt sig úr áfanganum.

Sé nemandi vísað úr áfanganum vegna fjarvista getur hann aðeins sótt um heimild hjá kennara til að taka próf og halda áfram námi í áfanganum með framvísun vottorðs frá lækni eða viðlíka gagna. Verður sú umsókn að koma fram ekki síðar en sex dögum eftir að nemandi fór yfir fjarvistamörk. Áskilinn er réttur til breytinga á verkröð og öðrum þáttum.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils